



Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 14. júlí 2008
Tilv.: UMH08030116/22-2

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlands

SAMÞYKKT
um fráveitur í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í þéttbýlisstöðum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, þar sem rekið er holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins (nú Höfn og Nesjahverfi) og fráveitur í eigu annarra.

Allar holræsalagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum, svo og götufráræsi að lóðarmörkum húseigna, er eign fráveitu Hornafjarðar. Sömuleiðis allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær og dælustöðvar.

Sveitarfélagið Hornafjörður getur gert þjónustu- eða rekstrarleigusamning við annan aðila um hreinsun fráveituvatns. Rekstur fráveitu er háður starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.

2. gr.

Fráveita Hornafjarðar er B-hluta fyrirtæki í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Sveitarfélagið ber ábyrgð á rekstri fráveitu Hornafjarðar samkvæmt 1. gr. og kostar framkvæmdir við þær. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega til þess fé á fjárhagsáætlun.

3. gr.

Fráveita Hornafjarðar veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

4. gr.

Þar sem fráveita Hornafjarðar er fyrir hendi, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna.

5. gr.

Þeim sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita Hornafjarðar er fyrir hendi, er skylt að leggja á sinn kostnað, fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Fylgja skal ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 sem gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps.

6. gr.

Sérhver eigandi fasteignar á starfssvæði fráveitu Hornafjarðar skal leggja og kosta fráveitulagnir frá húseign sinni og lóð að lóðarmörkum, í samræmi við lóðarupphrátt, byggingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru.

7. gr.

Þegar tengja skal fráveitu nýbygginga við fráveitu Hornafjarðar skal sækja um það til byggingarfulltrúa. Umsókn skal undirrituð af húseiganda, byggingarstjóra eða pípulagningameistara sem verkið skal vinna.

Ef um er að ræða endurnýjun fráveitulagna innan lóðar, skal húseigandi sækja um heimild byggingarfulltrúa vegna framkvæmdarinnar og leggja fram teikningar af fyrirhugaðri breytingu eða endurnýjun. Byggingarfulltrúi getur krafist ábyrgðar pípulagningarmeistara vegna verksins.

8. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Hornafjarðar séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og að fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að

halda raski vegna viðhalds í lágmarki, ganga snyrtilega um og færa lóðir til fyrra horfs eins og við verður komið.

9. gr.

Húseigendum er skylt að halda fráveitulögnum húseigna sinna vel við og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olfur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka eða hreinsistöðvar. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settum samkvæmt þeim.

10. gr.

Þar sem hætta er talin á bakflæði fráveituvatns frá fráveitu sveitarfélagsins, vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu, skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

11. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir stofngjald vegna lagningar frárennslislagna og tengingar þeirra við fráveitu hveirrar nýbyggingar við lóðarmörk. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda, í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Hornafirði sem liggja að vegi, götum eða opnum svæðum og tengjast fráveitulögnum þess skal greiða árlegt holræsagjald. Skal andvirði þess varið til reksturs og viðhalds fráveitunnar.

13. gr.

Álagningarstofn holræsagjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

14. gr.

Holræsagjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjald skal ákveðið með gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Holræsagjald er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjalðið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

15. gr.

Bæjarstjórn getur nýtt sér heimild 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun eða sérstakt aukagjald, þar sem þannig háttar til. Aukagjald má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði.

16. gr.

Utan starfssvæðis fráveitu Sveitarfélagsins Hornafjarðar skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráæsnum húseigna um rotþrær og siturlagnir eða um sambærilegt hreinsikerfi og ganga frá fráveituvatni í samræmi við kröfur Heilbrigðisnefndar Austurlands til íbúða-, frístundabyggðar eða viðkomandi atvinnustarfsemi. Húseigandi eða viðkomandi rekstraraðili er í slíkum tilvikum eigandi fráveitu og kostar uppsetningu þeirra svo sem niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra.

Sveitastjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Land- eða húseigandi leggur til fráveitu eða rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa. Gerð, stærð og

hönnunarforsendur fráveitu eða rotþróar og siturlagna er háð samþykki Heilbrigðisnefndar Austurlands og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

17. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. seyrulosun úr rotþróum ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Austurlands annast eftirlit með starfsemi.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru, enda hafi viðkomandi starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, eftir því sem við á. Umráðamenn eða eigendur fráveitna samkvæmt 16. gr. geta þó falið öðrum en Sveitarfélaginu Hornafirði meðhöndlun seyru, enda framvísi þeir samningi til þriggja ára í senn, að lágmarki, við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi.

18. gr.

Meðhöndlun seyru skal framkvæmd undir yfirstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs, förgunar eða nýtingar á seyru, í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

19. gr.

Rotþrær og siturlagnir skulu yfirfarnar annað hvert ár að jafnaði. Aðili með gilt starfsleyfi til meðhöndlunar seyru skal annast það verk og fjarlægja seyru þegar þess gerist þörf, þannig að virkni rotþróa og siturlagna sé tryggð.

Eigandi fráveitunnar skal sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

20. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna seyrulosunar og eftirlits með fráveitum samkvæmt 17. gr. með gjaldskrá sem sett er á grundvelli 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Birta skal gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

21. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald af eigenda eða umráðamanni fráveitu, ef seyrulosun er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Gjald þetta skal þó aldrei vera hærri en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

22. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna seyrulosunar eða meðhöndlunar seyru skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins. Viðkomandi á málskotsrétt til Heilbrigðisnefndar Austurlands. Að öðru leyti fer um málskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mál út af brotum á samþykkt þessari eða gjaldskrá, sem settar eru samkvæmt henni, skal fara með að hætti opinberra mála.

23. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.


24. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og

ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. júlí 2008

F. h. r.



Sigríður Jónsdóttir